



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2025
MSS25010142

Samþykkt íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um skoðun á breytingu strætóleiða

Á fundi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis þann 28. janúar 2025, var lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, sbr.2. liður fundargerðar ráðsins sama dag:

Lagt er til að Íbúaráð Háaleitis og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að skoða möguleika á breytingum á leiðarkerfi Strætó innan hverfisins á þann veg að frá austasta hluta Bústaðavegar og að Mjódd muni vagnar Strætó bs. aka um Stjörnugróf og Stekkjarbakka í stað Reykjanesbrautar.
MSS25010142

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Með hliðsjón af samþykkt fyrir íbúaráð er samþykkt íbúaráðs Háaleitis- og Bústaða á tillögunni vísað til umhverfis- og skipulagsráðs og þess óskað að hún verði tekin til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla
Starfsmaður íbúaráða

Hjálagt: Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um skoðun á breytingu strætóleiða



TILLAGA

Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um skoðun á breytingu strætóleiða

Íbúaráð Háaleitis og Bústaðahverfis beinir því til umhverfis- og skipulagsráðs að skoða möguleika á breytingum á leiðarkerfi Strætó innan hverfisins á þann veg að frá austasta hluta Bústaðavegar og að Mjódd muni vagnar Strætó bs. aka um Stjörnugróf og Stekkjarbakka í stað Reykjanesbrautar.

Greinargerð:

Samkvæmt framtíðarleiðarkerfi Strætó sem fylgja á innleiðingu leiðarkerfis Borgarlínunnar er gert ráð fyrir að á milli Bústaðavegar og Mjóddar muni leiðir um hverfið aka um Stjörnugróf. Íbúaráðið leggur til að skoðað verði að sú breyting verði innleidd nú þegar. Með þeirri breytingu væri m.a. hægt að tengja leiðarkerfi Strætó mun betur við íþróttasvæði Víkings í Víkinni og minnka umferðaralag á Reykjanesbraut. Frumforsenda fyrir slíkri breytingu væri þó að gegnumakstur um Stjörnugróf milli Bústaðavegar og Fossvogsbrúnar í Kópavogi væri bara fyrir almenningsvagna og mögulega neyðarakstur.

